

Fimmtudaginn 5. mars 2015

Nr. 381/2014.

Hafnarfjarðarkaupstaður

(Garðar Valdimarsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Sveitarfélög. Hlutfélag. Fjármagnstekjuskattur. Kröfugerð.

Ágreiningur H og Í laut að skattlagningu hagnaðar H af sölu hlutabréfa hans í H hf. sem honum var færður til tekna tekjuárið 2009 í skattframtali ársins 2010. Fyrir lá að skatturinn nam 10% fyrir tekjuárið 2008 en var hækkaður í 15% frá 1. júlí 2009. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, kom fram að ekki færi milli mála að samkvæmt 4. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt bæri H að greiða tekjuskatt af hagnaði af sölu hlutabréfa. Yrði stöðu H ekki jafnað til stöðu annarra skattgreiðenda, svo sem hlutfélaga og samvinnufélaga, þannig að ólíkar reglur um skattlagningu hagnaðar við sölu hlutabréfa yrðu taldar brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þá hefði ekkert komið fram sem gæti orðið grundvöllur þess að miða ætti tekjur H við árið 2008, enda yrði talið að þær hefðu verið óvissar allt fram til loka ársins 2009, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003. Var því sýknað af kröfum H. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti, eftir að báðir aðilar höfðu skilað greinargerðum af sinni hálfu, lagði H fram nýja varakröfu í málinu. Í dómi Hæstaréttar kom fram að hin nýja kröfugerð H hefði ekki verið höfð uppi í héraði og rúmaðist ekki innan þeirra krafna sem þar hefðu verið gerðar af hálfu H. Kæmi hún því ekki til álita við úrlausn málsins, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Ólafur Börkur Þorvaldsson, Benedikt Bogason, Eiríkur Tómasson og Þorgeir Örlygsson og Ingveldur Einarsdóttir settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 3. júní 2014. Hann krefst þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra 22. mars 2011 verði felldur úr gildi og stofn sinn til fjármagnstekjuskatts gjaldárið 2010 lækkaður um 5.467.077.430 krónur, en til vara að áðurgreindum úrskurði verði breytt þannig að stofn sinn til fjármagnstekjuskatts fyrir gjaldárið 2010 vegna sölu á hlutum í IIS Orku hf. og HS Veitum hf. verði ákveðinn 5.671.374.802 krónur og „að við ákvörðun fjármagnstekjuskatts á nefndan skattstofn verði beitt 10% skatthlutfalli.“ Að því frágengnu krefst áfrýjandi þess að áðurgreindum úrskurði verði breytt og stofn sinn til fjármagnstekjuskatts gjaldárið 2010 verði lækkaður um 5.467.077.430 krónur og 5.671.374.802 krónur færðar til tekna sem söluhagnaður í framtali sínu vegna fjármagnstekjuskatts gjaldárið 2009 sem tekjur ársins 2008. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Þá krefst hann aðallega málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara að hann falli niður.

Varakrafa sú, sem áfrýjandi hefur uppi í máli þessu, var fyrst gerð við meðferð málsins hér fyrir dómi eftir að báðir aðilar höfðu skilað greinargerðum af sinni hálfu. Er krafan einkum reist á þeirri málsástæðu að með héraðsdómi 18. mars 2009 í máli áfrýjanda og Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið bundinn endi á óvissu um kröfu áfrýjanda á hendur Orkuveitunni þrátt fyrir samkomulag 31. ágúst sama ár um uppgjör þeirra á milli. Því hafi við ákvörðun fjármagnstekjuskatts á hagnað hans af sölu á hlutabréfum í HS Orku hf. og HS Veitum hf. átt að beita 10% skatthlutfalli, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem hlutfallið var hækkað í 15% frá 1. júlí 2009. Stefndi hefur mótmælt hinni nýju kröfugerð og þeim málsástæðum sem áfrýjandi hefur fært henni til stuðnings.

Hin nýja kröfugerð áfrýjanda, sem felst í varakröfu hans, var ekki höfð uppi í héraði og rúmast ekki innan þeirra krafna sem þar voru gerðar af hans hálfu. Þar sem skilyrði 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála fyrir því að krafan verði fyrst borin fram hér fyrir dómi eru ekki uppfyllt kemur hún ekki til álita við úrlausn þessa máls.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hafnarfjarðarkaupstaður, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 1.000.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Rétt endurrit staðfestir

05.03.2015

Gjald: 500 kr.

